

## 1973 nr. 16 13. apríl

### Lög um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna

Tóku gildi 14. maí 1973. *Breytt með:* L. 53/1976 (tóku gildi 11. júní 1976). L. 24/1987 (tóku gildi 30. apríl 1987). L. 21/1997 (tóku gildi 30. apríl 1997). L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005). L. 147/2007 (tóku gildi 29. des. 2007). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 126/2015 (tóku gildi 31. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr.

□ Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

□ Verð happdrættismiða skal ákvæðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

#### ■ 2. gr.

□ [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem [ráðherra]<sup>1)</sup> skípar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttar, bæði

meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið. Dregið skal mánaðarlega.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 59. gr. <sup>2)</sup> L. 53/1976, 1. gr.

#### ■ 3. gr.

□ [[Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.]<sup>1)</sup>

□ Ágóði happdrættisins skal renna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2015, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 24/1987, 1. gr.

#### ■ 4. gr.

□ Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 129/2004, 40. gr.

#### ■ 5. gr.

□ Ráðherra setur með reglugerð<sup>1)</sup> nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins . . . <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 148/2000, sbr. 238/2000, 268/2001, 837/2001, 210/2003, 311/2004, 306/2006, 401/2011, 278/2013, 344/2015, 925/2018, 347/2019 og 367/2022. <sup>2)</sup> L. 24/1987, 2. gr.